

Aðalfundur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra

Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík fimmtudaginn 28.maí 2020 kl.16.00

Mættir voru: Eydís Heiða Njarðardóttir, Eyþór Páll Hauksson, Hildur Halldórsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Ingibjörg Magnúsdóttir, Sigríður Björk Einarsdóttir, Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, Sigurður Sigurðsson, Valgerður Eyja Eyþórsdóttir, Þorvar Hafsteinsson og Pröstur Jónasson.

Fundur settur kl.16:15

a) Kosning fundarstjóra og fundarritara

Sigrún Edda Eðvarðsdóttir setur fundinn og leggur fram að Sigurður Sigurðsson verkefnastjóri Heimilis og skóla verði fundarstjóri og var það samþykkt. Sigurður bar undir fundinn að Hildur Halldórsdóttir verkefnastjóri Heimilis og skóla verði fundarritari og var það samþykkt.

b) Skýrsla stjórnar um störf og starfsemi samtakanna lögð fram til umræðu og samþykktar

Hrefna Sigurjónsdóttir lagði fram og kynnti ársskýrslu og var samþykkt af fundargestum.

c) Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram

Hrefna Sigurjónsdóttir lagði fram og gerði grein fyrir ársreikningi. Almennar umræður fóru fram og var reikningurinn samþykktur samhljóða

d) Kosning í stjórn samtakanna

Kosið var í stöðu formanns og stöðu þriggja stjórnarmanna. Framboðsfresti lokið 16:40. Sigrún Edda Eðvarðsdóttir sóttist eftir endurkjöri og var kjörin með lófaklappi. Kosning stjórnarmanna, framboðsfresti lokið 16:44. Eydís Heiða Njarðardóttir og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir sóttust eftir endurkjöri og Funi Sigurðsson bauð sig fram til stjórnarsetu. Þau voru öll kjörin með lófaklappi.

e) Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara

Hlíð Böðvarsdóttir og Hilmar Ingimundarsson buðu sig fram til áframhaldandi setu sem skoðunarmenn og voru kosin með lófaklappi. Engir voru kjörnir til vara.

f) Önnur mál

1. Pröstur Jónasson gaf ekki kost á sér til frekari stjórnarsetu og var honum þakkað vel unnin störf.
2. Fundargestir veltu fyrir sér mögulegum lagabreytingum um að kjósa ætti varamenn í stjórnina og að stjórnarframboð ættu að berast með viku fyrirvara til að auðvelda umsýslu aðalfundar.
3. Umræður um landsbyggðina og þátttöku í starfssemi samtakanna.

Ekki voru fleiri mál á dagskrá og var því fundi slitið kl.16:56

*Sett
Sigurður Edda Eðvarðsdóttir
Eydís Heiða Njarðardóttir
Hildur Halldórsdóttir*